



Ytri-Neslöndum

660 Mývatnssveit

Íslandi

www.fugasafn.is

fugasafn@fugasafn.is

464 4477

Ársskýrsla 2015



Ársskýrsla 2015

Efnisyfirlit

Formáli.....	-3-
Opnunartími.....	-3-
Stjórn og starfsfólk.....	-3-
Aðsókn.....	-4-
Húsnæði.....	-7-
Safnkostur.....	-7-
Skráningarkerfi.....	-7-
Varðveisla.....	-7-
Rannsóknir.....	-8-
Miðlun.....	-9-
Samstarfsaðilar.....	-9-
Önnur þjónusta.....	-9-
Rekstur.....	-9-
Mat á starfssemi.....	-10-
Næstu skref.....	-10-
Lokaorð.....	-10-



Ársskýrsla 2015

Formáli

Nú er sjöunda heila rekstrarárið að baki. Það kom aðeins fleiri gesti í safnið sem er jákvætt, þó veðrið væri ekki gott. Það komu færri Íslendingar en það má rekja til veðurfars.

Opnunartími

Frá 1. janúar til 14. maí er opið frá kl. 14:00-16:00 alla daga

Frá 15. maí til 31. maí er opið frá kl. 12:00-17:00 alla daga

Frá 1. júní til 24. ágúst er opið frá kl. 9:00-18:00 alla daga

Frá 25. ágúst til 31. október er opið frá kl. 12:00-17:00 alla daga

Frá 1. nóvember til 31. desember er opið frá kl. 14:00-16:00 alla daga

Svo er hægt að hafa samband og láta opna á öðrum tímum í síma

464-4477 og 846-7245.

Stjórn og starfsfólk

Safnstjóri og safnvörður er Stefanía Stefánsdóttir í hlutastarfi yfir vetrartímann og í fullu starfi yfir sumartímann. Laetitia Gathion vann sem safnvörður í júní enn Kristín Sverrisdóttir og Diljá Káradóttir voru í fullu starfi yfir sumartímann sem safnverðir. Álfðís Stefánsdóttir hefur svo hlaupið undir bagga þegar á hefur þurt að halda. Launað vinnuframlag starfsmanna var 2.239 klst. auk vinnu við bókhald og uppgjör, þetta eru ríflega tvö og hálf ársverk, sem er svipað og á síðasta ári.

Í stjórn Fuglasafns Sigurgeirs sitja:

Álfðís Stefánsdóttir, formaður

Elín Steingrímsdóttir, varaforðmaður

Axel Stefánsson, meðstjórnandi

Jóhanna Rögnvaldsdóttir, meðstjórnandi

Stefanía Stefánsdóttir, gjaldkeri og ritari

Aðalbjörg Stefánsdóttir, varamaður

Hanna Kristín Pétursdóttir, varamaður



Ársskýrsla 2015

Aðsókn

Aðsóknin var aðeins meiri þetta árið, þó það munaði ekki miklu en það komu 10.571 gesti sem 131 gesti fleira enn árið 2014. Gestirnir komu frá 58 þjóðlöndum. Það er alltaf gaman að sjá frá hvaða löndum fólkið kemur.

Heimsóknir gesta eftir vikudögum.

Vikudagur	Fjöldi
Sunnudagur	1975
Mánudagur	1184
Þriðjudagur	1455
Miðvikudagur	1575
Fimmtudagur	1175
Föstudagur	1561
Laugardagur	1646

Fjöldi gesta eftir mánuðum.

Mánuður	Fjöldi	Mánuður	Fjöldi
Janúar	34	Júlí	3227
Febrúar	191	Ágúst	2022
Mars	445	September	916
Apríl	235	Október	334
Maí	937	Nóvember	132
Júní	2050	Desember	48

Gestir eftir þjóðlöndum

Þjóðerni	Fjöldi	Þjóðerni	Fjöldi	Þjóðerni	Fjöldi
Argentína	1	Alaska	3	Austurríki	125
Ástralía	260	Bandaríkin	1299	Belgía	197
Brasilía	5	Danmörk	349	Eistland	3
England	683	Finnland	56	Frakkland	798
Færeyjar	7	Grikkland	5	Holland	415
Hong-Kong	50	Indland	46	Indónesía	2
Írland	15	Ísland	2831	Ísrael	189
Ítalía	181	Japan	16	Kanada	402
Katar	3	Króatía	4	Kína	63
Kúveit	2	Lettland	6	Liechtenstein	2
Litháen	6	Lúxemborg	10	Noregur	107
Mexíkó	2	Namibía	1	Portúgal	29
Nýja-Sjáland	10	Perú	2	Rússland	15
Pólland	71	Rúmenía	2	Skotland	20
Serbía	6	Singapúr	38	Spánn	144
Slóvakía	3	Slóvenía	4	Sviss	514
Suður-Afríka	25	Suður-Kórea	11	Taíland	18
Svíþjóð	168	Tævan	28	Ungverjaland	19
Tékkland	54	Tyrkland	2	Þýskaland	1117
Óþekkt	127				



Ársskýrsla 2015

Fjöldi gesta eftir vikum.

Vika	Fjöldi	Vika	Fjöldi
Vika 1	25	Vika 27	652
Vika 2	5	Vika 28	655
Vika 3	0	Vika 29	779
Vika 4	3	Vika 30	779
Vika 5	14	Vika 31	691
Vika 6	27	Vika 32	698
Vika 7	30	Vika 33	493
Vika 8	98	Vika 34	385
Vika 9	52	Vika 35	242
Vika 10	75	Vika 36	208
Vika 11	37	Vika 37	318
Vika 12	264	Vika 38	164
Vika 13	36	Vika 39	130
Vika 14	46	Vika 40	174
Vika 15	61	Vika 41	45
Vika 16	83	Vika 42	75
Vika 17	39	Vika 43	64
Vika 18	67	Vika 44	94
Vika 19	53	Vika 45	54
Vika 20	237	Vika 46	18
Vika 21	233	Vika 47	46
Vika 22	370	Vika 48	11
Vika 23	351	Vika 49	22
Vika 24	472	Vika 50	2
Vika 25	577	Vika 51	5
Vika 26	506	Vika 52	6

Ytri-Neslöndum. 660 Mývatnssveit. Kt. 521107-0300. www.fuglasafn.is Sími 464 4477



Ársskýrsla 2015

Húsnæði

Húsið er í ágætu ástandi þó þarf að fúaverja, en það var ekki hægt á síðasta ári vegna veðurfars. Líka þarf að helluleggja fyrir framan hurðina á geymslunni og lagfæra kantana á veginum heim að safninu.

Safnkostur

Safnkosturinn er um 330 uppstoppaðir fuglar, 500 egg og um 50 gripir í bátaskýli.

Í sýningunni eru 180 fuglar, 400 egg og allir munirnir í bátaskýli.

Skráningarkerfi

Það er ekkert skráningarforrit til enn sem komið er fyrir náttúrugripi sem við vitum um. Við höfum skráð alla fuglana og eggin í Excel forrit og áætla ég að það sé um 40% af þeirri vinnu lokið.

Varðveisla

Hitastýring er nokkuð góð bæði í geymslu og safnrými, þurfum að skoða kælinguna á heitustu dögum ársins. Öryggiskerfi og brunakerfi eru af fullkomnustu gerð og tengd beint við Securitas.

Rannsóknir

Við erum í samstarfi við Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn í rannsóknarvinnunni okkar. Álftir eru taldar á hverjum mánudagsmorgni allt árið á Neslandavíkinni frá Raufarhól. Fyrstu tvær álftirnar komu 20. apríl en næsta mánudag var engin álft. Frá 4. maí til 1. júní var bara ein álft á víkinni, því hin álftin var á hreiðri, hún kom með fjóra unga 1. júní og eftir það voru 6 álftir á víkinni, nema 21. september og 19. október þá voru 9 álftir. Síðast sáust 3 álftir á víkinni þann 17. nóvember en eftir það var kominn ís á víkina.

Til þess að fylgjast með flórgoðavarpinu var vatnsbakkinn gengin frá Raufarhól að túngarði við Syðri- Neslönd. Á þessu svæði verptu 19 flórgoðapör sem er nínú fleira en á síðasta ári, þrjú af þessum hreiðrum voru við hólma en hin hreiðrin voru á svipuðum stöðum eins og í fyrra. Ísinn fór af vatninu 22 maí sem er frekar seint.





Ársskýrsla 2015

Miðlun.

Það eru tvær sýningar, önnur er með fuglunum og eggjunum en hin sýningin er með bátnum Sleipni og ýmsum munum sem tengjast vatninu og nýtingu þess. Það er búið að koma sýningunni í bátaskýlinu á sjö önnur tungumál en Íslensku. Það hefur verið útbúið mjög gott fræðsluefni um fugla fyrir skóla, allt frá leikskólastigi og upp í framhaldsskóla. Það var fækkun á skólahópum þetta árið svo það munaði 118 nemendum, sem komu í safnið til að fræðast um fugla og náttúruna. Margmiðlunarefnið um allar endurnar, fálkann, suma smáfuglana, safnið, fuglaskoðun og kúluskíturinn er klárt og hefur vakið mikla lukku. Það þarf hinsvegar að halda áfram með það og klára þegar fjármagn finnst til þess. Við gefum út bæklinga á átta tungumálum. Svo höldum við úti heimasíðu og erum með facebook síðu á sumrin. Rannsóknarniðurstöðurnar eru birtar á heimasíðunni og voru líka sendar til Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn til frekari úrvinnslu.

Samstarfsaðilar

Allar okkar rannsóknir eru gerðar í samstarfi við Náttúruvannsóknarstöðina við Mývatn. Faglegar upplýsingar um fugla og náttúruna fáum við hjá Jóhanni Óla Hilmarssyni fuglafræðingi og Náttúrustofu Norðurlands. Haförninn á safninu er fenginn að láni hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Við erum aðilar að Fuglastíg sem er samstarfsvettvangur aðila í fuglatengdri ferðaþjónustu. Erum einnig aðilar að Markaðsskrifstofu Norðurlands, Mývatnsstofu og Safnaþingi sem er samstarfsvettvangur safna í Þingeyjarsýslu.

Önnur þjónusta

Við erum með fuglakíki í veitingasalnum sem vekur mikla ánægju gesta enda gaman að horfa á fjölbreytt fuglalíf fyrir framan safnið. Nú eru komin upp þrjú fuglaskoðunarhús og eru þau við Raufarhól, Kýrhóla og Kálfstjörn. Við höfum fuglabækur á staðnum fyrir gesti svo þeir geti fræðst um fuglana og áttað sig á því hvaða fuglar eru út á víkinni. Við seljum kaffi af ýmsum gerðum og svo brauð á þjóðlegu nótum, hverabakað rúgbrauð með reyktum silungi, flatbrauð með hangikjöti, vöflur með sultu og rjóma bakaðar á staðnum, Kleinur o.fl. Einnig er á boðstólum gos, súkkulaði, bjór, léttvín, ávaxtadrykkir o.fl. Fuglatengdir minjagripir eru til sölu hjá okkur. Við veitum ráðgjöf eins og við getum til fuglaskoðunar, hvenær og hvar er líklegt að finna ákveðna fugla. Allar fuglategundir sem sjást á svæðinu þann daginn eru skráðar á töflu á safninu svo gestir geta séð hvaða fugla þeir eigi möguleika á að sjá. Að dagslokum eru upplýsingarnar skráðar inn í tölvu og þannig verður til gagnabanki um hvaða fuglar sjást og hvenær á svæðinu.

Rekstur

Rekstur safnsins gekk betur enn á síðasta ári það komu 129 gestum fleiri. Rekstrartekjur án VSK., voru 10.678.578 kr sem er lækkun um 481.506 kr. Rekstrargjöldin skiptast þannig, laun og launatengd gjöld 5.073.615 kr (sem er lækkun um 991.833 kr.) og annar rekstrarkosnaður 4.698.859 kr. (sem er lækkun um 95.215 kr.) Af hreinum rekstri og styrkjum var hagnaður upp á 1.021.206 kr.

Ytri-Neslöndum. 660 Mývatnssveit. Kt. 521107-0300. www.fuglasafn.is Sími 464 4477



Ársskýrsla 2015

Mat á starfssemi.

Gestir eru mjög ánægðir þegar þeir fara frá okkur og hæla safninu í hástert. Það er mikil viðurkenning þegar fólk kemur til okkar og segist engan áhuga hafa á fuglum en dvelur svo jafnvel klukkutímum saman inni í safninu. Þetta segir okkur að safnið er mjög áhugavert og vel uppsett. Sýningin í bátaskýlinu vekur líka mikla athygli og lof. Við erum með upplýsingar um hana á sjö tungumálum auk íslenskunnar, það væri gaman að geta bætt við einu tungumáli í viðbót. Það sem komið er af margmiðlunarefninu vekur mikla athygli og eru gestir mjög ánægðir með þessa fræðslu. Það þarf að halda áfram að finna fjármagn til að klára margmiðlunarefnið. Myndavélin í Strókhólma hefur líka vakið athygli og er mjög vinsælt að horfa á lífið á vatninu. Það eru skráðir allir fuglar sem sjást þann daginn á töflu og svo á hverju kvöldi eru þær upplýsingar skráðar inn í tölvu. Það verður fróðlegt að rýna í þann gagnagrunn í framtíðinni og sjá hvaða fuglar sjást hér.

Næstu skref.

- Fúaverja safnið
- Klára að helluleggja fyrir framan geymsluna.
- Koma skráningarmálum safnmuna í betra horf.
- Finna fjármagn og halda áfram með margmiðlunarefnið.
- Vera virkari á facebook.

Lokaorð.

Það voru margir sem efuðust um að það væri mögulegt að reka Fuglasafn í Neslöndum. Með því að vinna faglega að uppbyggingunni erum við með stórkoslegan hlut í höndunum, hús sem er algjört listaverk og náttúrugripasýningu á heimsmælikvarða. Frábæra staðsetningu þar sem hægt er að fylgjast með lífinu á vatninu beint úr safninu. Gestir eru mjög ánægðir með sýninguna, veitingar og umhverfið. Ef rétt er haldið á spilum með þessa vöru þá á að vera hægt að reka safnið þannig að það standi undir viðhaldi og rekstri hjálparlaust.

Stefanía Stefánsdóttir